

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983 um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með fyrsta mánudegi eftir páska ár hvert, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu, frá og með fyrsta þriðjudegi eftir páska ár hvert til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta sem heimilt er að leggja, vera 6 þumlungar (152 mm).

Í og út af Breiðafirði, frá línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Malarrífi, að línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er óheimilt að leggja þorskfisknet með minni möskvastærð en 7 þumlungar (178 mm) á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. apríl ár hvert. Frá og með 1. maí til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja í Breiðafirði vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 129, 27. febrúar 1988, um breytingu á reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet sbr. reglugerð nr. 171, 21. mars 1983.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Á einstefnuakstursgötum skal bifreiðum lagt eða þær stöðvaðar hægra megin, nema á eftirfarandi götum: Bjarmastíg, Brekkugötu norðan Oddeyrargötu, Geislagötu frá húsi nr. 5 og að Gránufélagsgötu, Glerárgötu- verslunargötunni frá húsi nr. 24 að húsi nr. 36, Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti að húsi nr. 82 og frá húsi nr. 67 og að húsi nr. 19, Krabbastíg, Munkaþverárstræti og við Ráðhústorg.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við þetta í þeim götum, þar sem undantekningin gildir.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 23. maí 1989.

Elías I. Elíasson.